

MENNING LISTIR

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

LAUGARDAGUR 31. ÁGÚST 1991

BLAÐ

B

PHILIPPE CAZAL Á KJARVALSSTÖÐUM



Morgunblaðið/Einar Falur



Frá sýningu í Liège, Belgíu, 1989.

Philippe Cazal er einn þeirra frönsku listamanna sem hvað mestrar athygli njóta um þessar mundir. Á þessu ári eru verk hans þannig sýnd á einum sex einkasýningum og tíu samsýningum, og ein einkasýningin opnar á Kjarvalsstöðum í dag. Cazal er sérstakur listamaður. Viðfangsefni hans eru listaheimurinn og listamenn, og allt það samansafn af klisjum og kenjum sem þar er að finna. Með ljósmyndum sínum og áritunum býður hann áhorfandanum að ganga inn í og uppgötva heim listarinnar, á sama hátt og auglýsingastofa kynnir nýjar vörur. Og hann hefur gert auglýsingatækni að viðfangsefni og leggur mikið upp úr þróun ímyndarinnar; sækir í glæsileikann og lúxusinn sem má finna í lífi nútímamannsins. Rétt eins og hjá málara hefðbundinna málverka er ekkert háð tilviljun í verkum hans; uppbygging, lýsing, búningar, allt skal það ganga upp, verð fagað og aðlaðandi. Með verkum sínum, hvort sem það eru myndirnar á veggjunum, sýningarskrár eða boðskort, leitast Cazal þó við að skapa sérstakan heim, og verkin hafa öll áritun hans; merki sem auglýsingastofa hannaði, og einnig vörumerkið. Listamaðurinn í umhverfi sínu. Hann hefur valið kampavinsglasið sem fylgihlut, það er tákni munaðar og hverfuls augnabliks birtunnar (á sýningunni eru seld nokkur glös með nafni listamannsins ágreiptu), og gyllti skrautpappírinn sem hylur tappann og hálsinn á kampavinsflöskum er sjálfstætt tákni fyrir list hans og það sem hann er að fást við. Sýningin á Kjarvalsstöðum er unnin í samvinnu við fjögur listasöfn í Frakklandi sem halda sýningar á verkum Cazals á árinu.

LISTAMADURINN Í UMHVERFI SÍNU